

Sp.

544. Tillaga til þingsályktunar

[253. mál]

um áfengisfræðslu.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Helgi F. Seljan, Ingvar Gíslason, Oddur Ólafsson, Bragi Sigurjónsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar, að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþingi á ríkisstjórnina að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsóknar ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á gildandi reglugerð um slíka fræðslu.
2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýtt með skipulegum hætti í þessu skyni. Þannig verði reglulega teknir upp í dagskrá sjónvarpsins fræðslu- og skemmtipættir í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfi og áfengisvörnum.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er borin fram í framhaldi af störfum nefndar þeirrar er kjörin var á síðasta þingi af öllum þingflokkum til að kanna ástand í áfengismálum okkar og leggja að starfi loknu fram ábendingar og tillögur er að gagni mættu koma til að ráða nokkra bót á þessu mikla þjóðfélagsvandamáli.

Nefnd þessi vann mikið og gott starf milli þinga og fram eftir vetri, safnaði miklum upplýsingum og leitaði álits og umsagnar fjölmargra aðila. Gaf hún jafnframt fulltrúa þingflokka kost á að fylgjast með starfinu og lagði að lokum fram drög að frumvarpi til laga um ýmsar breytingar á gildandi áfengislögum og að þingsályktunartillögu er varðar sérstaklega fræðslu- og upplýsingahlið áfengismála.

Frumvarpið hefur þegar verið lagt fram á þingskjali 504.

Í gildandi áfengislögum, 31. gr., eru skýr ákvæði um áfengisfræðslu í öllum íslenskum skólum er opinbers styrks njóta. Væri þeim ákvæðum framfylgt í raun þyrftum við ekki að hafa áhyggjur af þessari hlið málsins. En því miður hefur framkvæmdin á þessari lagagrein, eins og við á um mörg önnur ágæt lagaákvæði, orðið margfalt ófullkomnari en skyldi þrátt fyrir góðan vilja og skilning margra skólamanna á mikilvægi þessa máls. Áfengisfræðsla er viðkvæm og vandmeðfarin og getur gert meiri skaða en gagn, sé ekki rétt á haldið.

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa skólarannsóknar nú nýverið er nú undirbúningur hafin af ráðuneytisins hálfu að skipulegri fræðslu um áfengismál og er ætlunin að fella þá fræðslu inn í námsefni í samfélagsfræði annars vegar og líffræði hins vegar. En þessi undirbúningur er ekki langt á veg kominn og því full ástæða til að knýja á um að honum verði hraðað eftir föngum. Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða núgildandi reglugerð um bindindisfræðslu með tilliti til nýrra upp-

lýsinga um þessi mál, nýrra kennsluhátta og nýrrar kennslutækni. Frá þeim tíma er þessi reglugerð var samin — árið 1956 — hafa orðið margar gerbreytingar í þjóðfélagi okkar, sem nauðsynlegt er að taka mið af.

Í öðrum lið tillögunnar er farið fram á aukið liðsinni fjölmiðla í baráttunni gegn áfengisbölinu. Er þar sérstaklega bent á sjónvarpið sem vafalaust er hvað áhrifamesta tækið, sem við höfum yfir að ráða til að ná athygli fólks á öllum aldri. Hljóðvarpið hefur þegar um alllangt skeið haldið uppi ágætum þáttum um áfengismál, og ber að virða þá góðu viðleitni. Nefndin bendir réttilega á, að mikið væri unnið, ef hægt væri að svipta hinum falska dýrðarljóma af áfenginu með markvissri fræðslu og áróðri í fjölmiðlum — dagblöðum og útvarpi.

Athyglisverðar fréttir um áfengismál af innlendum og erlendum vettvangi í fréttatímum sjónvarps, auk sérstakra umræðuþátta, t. d. í Kastljósi, sem vel væri vandað til, gætu tvímælalaust orðið hér að liði. Þá væri og eðlilegt og sjálfsagt, að um þessi efni væri fjallað í íþróttabáttum fjölmiðla og áhersla lögð á, að áfengi og íþróttir fara ekki saman.

Ríkisfjölmiðlum ber tvímælalaus siðferðileg skylda til að sinna þessum málum af meiri alvöru en hingað til, svo drjúg tekjulind sem ágóði af áfengissölu er íslenska ríkinu. Sá ágóði er þó að stórum hluta blekking ein, og enginn vafi er á, að aukin bindindissemi þjóðarinnar og minnkandi áfengisneysla mundi skila margföldum arði í betra og heilbrigðara þjóðlífi.